

voru 78½ tonnur af rúgi sem eptir voru af korni því, sem bágstöddum sveitum í Snæfellsnessýslu var sent árið 1861.

1865.

7. okt.

86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipamælingar m. m.

11. okt.

Þér hafið, herra amtmaður, með bréfi dags. 19. júnímán. þ. á., sent hingað eptirrit af bréfi frá sýslumanninum í Norður-múlasýslu; í því skýrir hann frá, að Th. W. Roys, hvalaveiðamaður, hafi komið í maímánudi s. á. til Seyðisfjarðar á gufubátnum Visionary, en að barkskipið Reindeer frá Nýju-Jórvík og skonnorta frá Hollandi með kolafarm frá Englandi hafi verið komin þangað áður, og að hann hafi látið gufubátinn Visionary fá skýrteini um, að hann megi fara á hvalaveiðar undir löndum Danakonungs. Sýslumaðurinn hefir þarðauki beiðzt þess, að sèr sè gefin reglugjörð og tilsögn, er hann eigi að fara eptir, þá er hann gefi út nýtt mælingarskýrteini handa gáfubát þessum, með því að skýrteini það, sem báturinn hefir nú, er samið á ensku og gildir einungis þangað til hann kemur í danska höfn. Enn fremur hefir hann spurt um, hvort heimfæra eigi opið bréf 27. maímán. 1859 uppá gufubátinn, þar sem hann einasta sè hafður til að draga hvalaveiðabátinn og hvali þá, sem skotnir eru, og fari ekki lengra en inn á næstu firði og sè aldrei nema einn eða tvo daga burtu. Um leið og þér, herra amtmaður, hafið beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um þessi atriði, hafið þér loks getið þess, að átt hefði að yðar hyggju að kaupa íslenzkt leiðarbréf handa skonnortu þeirri, er að framan er um getið.

Dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við aðalskattgjaldastjórnina um það, hvornig eigi að fara að, þá er gefið sè út nýtt mælingarskýrteini handa gufubát þessum, og hefir aðalskattgjaldastjórnin í þessu efni sagt svo, að þareð sjá megi, að eigandinn æskir þess, að skip þetta skuli áltast dönsk eign, og verða að-njótandi sömu réttinda og dönsk skip, eigi að láta það fá danskt mælingarskýrteini og brenna á það danskt mark, og að

1865.
11. okt.

vísu liggja mæling skipsins tollstjórninni í létu rúmi þegar eins er ástatt, og hér er, þar sem skipið einungis er ætlað til hvalaveiða, og þessvegna er undanþegið aðkaupsgjaldi samkvæmt tilskipun 4. maímán. 1838 49. gr. stafl. d., en samt eigi að haga mælingu skipsins eptir reglugjörð þeirri, er kunngjörð er í auglýsingu fjárstjórnarinnar 27. maímán. 1861¹; sendum vör yður 4 exemplör af auglýsingu þessari og athugasemdum þeim, sem henni fylgja heuni til skýringar, er eitt ætlað sjálfum yður, yður til leiðbeiningar, og hin þrjú bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumönnum í báðum Múlasýslunum. Er reglugjörð þessi komin í stað reglugjörðarinnar frá 7. febrúarmán. 1843, sem þér hafið minnt á og yður var send með bréfi stjórnarráðsins 22. marzmán. 1856, en apturámóti eru notuð sömu mælingarverkfærin, þá er skip eru mæld eptir reglugjörð þeirri, er nú gildir, sem yður voru þá send. Auk þessa hefir aðalskattgjaldastjórnin getið þess, að þegar búið sé að mæla skipið og láta það fá danskt mælingarskýrteini — hefir hún sent nokkur eyðublöð til að sýna hvernig það eigi að vera, og fylgja þau með bréfi þessu — og brenna á það markið „dönsk eign“, sé ekkert því til fyrirstöðu, að það sigli framvegis með dönsku flaggi.

Dómsmálastjórnin hlýtur að vera á því máli, að svara eigi spurningunni um, hvort fara eigi eptir opnu bréfi 27. maímán. 1859 í þessu tilfelli, með jáyrði, en að öðru leyti er það vitaskuld, að ef að hlutaðeigendur öðlast borgararétt eða sanna á annan hátt, að þeir hafi tekið sér bólfestu á Íslandi, þá er ákvörðuninni í ádurnefndu opnu bréfi fullnægt.

Með því að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á sama máli og þér, herra amtmaður, um það, að kaupa hefði átt íslenskt leiðarbréf handa hollenzku skonnortunni, sem þér hafið getið um, og kom með kolafarm til Seyðisfjarðar, erud þér að end-

¹) Sama dag var stiptamtönninum send auglýsing þessi handa bæjarfógetanum í Reykjavík og sýslumanninum á Vestmannaeyjum, og amtmaninum í vesturumdæminu handa sýslumönnum í Snæfellsnessýslu og Ísafjardarsýslu.

ingu beðnir um að bjóða sýslumanninum í Norðurmúlasýslu að krefjast lestagjalds þess, sem þannig hefði átt að vera galdið.

1865.
11. okt.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á laxveiðinni í Ytrilaxá og reka á Húnasandi.

11. okt.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 2. þ. m. allramildilegast að leyfa, að taka megi sáttabóði því, sem Ásgeir Einarsson í Ásbjarnarnesi, er nú á jörðina Þingeyra, hefir boðið í skjali því, sem hingað barst með bréfi yðar, herra amtmaður, dags. 30. aprílmán. þ. á.; býðst hann til að afsala sér öllum kröfum til laxveiðinnar í Ytrilaxá, með því móti að hann megi halda allri fjörunni frá Hjaltabakka fjöru vestur að Hópsós, án þess að ríkissjóðurinn gjöri tilkall til hennar, að undanteknu rekaítaki, er Undirfells kirkja á.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra amtmaður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir korn, sem Húnvetningum og Skagfirðingum hafði verið lánað.

12. okt.

Í bréfi dagsettu 30. nóvembermán. 1863 gjörði dómsmálastjórnin yður, herra amtmaður, grein fyrir, hversu mikið þá var búið að borga uppí lán það, 10,483 rdl. 32 sk. að upphæð, er veitt var rentulaust í fjárukalögum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Voruð þér um leið beðnir um að gjöra þær ráðstafanir, er þörf væri á, til þess að það sem eptir stóð af láninu, en það voru 1772 rdl. 38 sk. í